

Tillögur millipinganevndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Greinargerð með tillögu millipinganevndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um breytingu á 4. gr. samþykka FV um atkvæði og atkvæðavægi.

Inngangur.

Á 62. Fjórðungspingi Vestfirðinga sem haldið var 24. maí 2017 í Bolungarvík var eftirfarandi tillaga lögð fram:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga verði falið að skipa millipinganevnd með þrem fulltrúum sem endurskoði fyrirkomulag vogtölukerfis samkvæmt 4. gr. samþykka FV. Einn fulltrúi frá norðanverðum Vestfjörðum, einn frá sunnanverðum Vestfjörðum og einn frá Ströndum og Reykhólahreppi. Nefndin skili tillögu til 2. haustþings FV.

Á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) 23. ágúst sl. lagði framkvæmdastjóri FV fram tillögu um skipan fulltrúa í millipinganevnd og var tillagan samþykkt. Tveir hinna tilnefndu fulltrúa báðust undan störfum í nefndinni og voru þeir Baldur Smári Einarsson f.h. norðanverða Vestfjarða og Þórir Sveinsson f.h. sunnanverða Vestfjarða skipaðir í nefndina í þeirra stað. Þriðji fulltrúinn í nefndinni er Finnur Ólafsson f.h. Stranda.

Nefndin tók formlega til starfa með útgáfu skipunarbréfs dags. 31. ágúst sl. Verkefni nefndarinnar kemur fram í skipunarbréfinu með tilvísun í samþykkt 62. Fjórðungspings þar sem segir: „...sem endurskoði fyrirkomulag vogtölukerfisins samkvæmt 4. gr. samþykka FV.“

Á 1. Haustþingi FV haldið í Hólmavík 9. og 10. september 2016 lögðu fulltrúar Vesturbyggðar fram tillögu um breytingu á 4. gr. samþykka FV er varðar vogtölur og þar með útreikninga á atkvæðavægi einstakra aðildarsveitarfélaga. Sú tillaga hlaut ekki brautargengi en var vísað til stjórnar FV til frekari skoðunar.

Á 62. Fjórðungspingi sem var haldið 24. maí 2017 lagði meirihluti stjórnar FV fram nýja tillögu að vogtölum og atkvæðavægi. Sú tillaga hlaut ekki samþykki þingsins heldur var ákveðið að skipa millipinganevnd sem endurskoði vogtölukerfið.

Af neðangreindum yfirlitstöflum (Ib, Ic, Id, Ie) má sjá núverandi vogtölur og atkvæðavægi einstakra aðildarsveitarfélaga FV, breytingartillögur Vesturbyggðar og stjórnar FV:

TAFLA Ib.

Íbúafjöldi 1. janúar 2017

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Hlutfall íbúa	Núv. regla samkv. 4. gr.		
			Vogtala	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkvæða
Vesturbyggð	1.030	14,99%	1,0	1.030	11,46%
Tálknafjarðarhreppur	236	3,44%	2,0	472	5,25%
Svæði I	1.266	18,43%		1.502	16,71%
Bolungarvíkurkaupstaður	908	13,22%	1,5	1.362	15,16%
Ísafjarðarbær	3.608	52,52%	1,0	3.608	40,15%
Súðavíkurhreppur	186	2,71%	3,0	558	6,21%
Svæði II	4.702	68,44%		5.528	61,52%
Reykhólahreppur	282	4,10%	2,0	564	6,28%
Árneshreppur	46	0,67%	3,0	138	1,54%
Kaldraneshreppur	106	1,54%	3,0	318	3,54%
Strandabyggð	468	6,81%	2,0	936	10,42%
Svæði III	902	13,13%		1.956	21,77%
Samtals	6.870	100,00%		8.986	100,00%

Íbúar	Stuðull
0-200	3
201-500	2
501-1000	1,5
1001 -	1

Tillögur millipinganevndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Samkvæmt núverandi ákvæði 4. gr. samþykktu FV fer svæði I eða sunnanverðir Vestfirðir með tæp 17% atkvæða, svæði II eða norðanverðir Vestfirðir með rúm 61% atkvæða og svæði III eða Strandir og Reykhólar með tæp 22% atkvæða.

TAFLA Ic.

Íbúafjöldi 1. janúar 2017

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Hlutfall íbúa	Tillaga Vesturbyggðar		
			Ný vogtala	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkvæða
Vesturbyggð	1.030	14,99%	1,5	1.545	16,26%
Tálknafjarðarhreppur	236	3,44%	2,0	472	4,97%
Svæði I	1.266	18,43%		2.017	21,23%
Bolungarvíkurkaupstaður	908	13,22%	1,5	1.362	14,34%
Ísafjarðarbær	3.608	52,52%	1,0	3.608	37,97%
Súðavíkurhreppur	186	2,71%	3,0	558	5,87%
Svæði II	4.702	68,44%		5.528	58,18%
Reykhólahreppur	282	4,10%	2,0	564	5,94%
Árneshreppur	46	0,67%	3,0	138	1,45%
Kaldraneshreppur	106	1,54%	3,0	318	3,35%
Strandabyggð	468	6,81%	2,0	936	9,85%
Svæði III	902	13,13%		1.956	20,59%
Samtals	6.870	100,00%		9.501	100,00%

Íbúar	Stuðull
0-200	3
201-500	2
501-1500	1,5
1501 -	1

Í tillögu Vesturbyggðar fólst að sveitarfélög með íbúafjölda 501-1500 (í stað 501-1000) fengu vogtöluna 1,5 og sveitarfélög með 1501 íbúa og fleiri yrðu með vogtöluna 1,0. Samkvæmt tillögunni fengi svæði I eða sunnanverðir Vestfirðir rúm 21% atkvæða í stað tæpra 17% atkvæða, svæði II eða norðanverðir Vestfirðir fengi rúm 58% atkvæða í stað rúmra 61% atkvæða og svæði III eða Strandir og Reykhólar fengi tæp 21% atkvæða í stað tæpra 22% atkvæða. Svæði I yrði því með ívið fleiri atkvæði en svæði III, en svæði II myndi missa um 3% atkvæða.

TAFLA Id.

Íbúafjöldi 1. janúar 2017

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Hlutfall íbúa	Tillaga stjórnar FV		
			Ný vogtala	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkvæða
Vesturbyggð	1.030	14,99%	1,5	1.545	15,42%
Tálknafjarðarhreppur	236	3,44%	3,0	708	7,07%
Svæði I	1.266	18,43%		2.253	22,49%
Bolungarvíkurkaupstaður	908	13,22%	1,5	1.362	13,59%
Ísafjarðarbær	3.608	52,52%	1,0	3.608	36,01%
Súðavíkurhreppur	186	2,71%	3,0	558	5,57%
Svæði II	4.702	68,44%		5.528	55,18%
Reykhólahreppur	282	4,10%	3,0	846	8,44%
Árneshreppur	46	0,67%	3,0	138	1,38%
Kaldraneshreppur	106	1,54%	3,0	318	3,17%
Strandabyggð	468	6,81%	2,0	936	9,34%
Svæði III	902	13,13%		2.238	22,34%
Samtals	6.870	100,00%		10.019	100,00%

Íbúar	Stuðull
0-300	3
301-600	2
601-1200	1,5
1200-	1

Í tillögu stjórnar FV fólst að sveitarfélög með íbúafjölda 0-300 fengu vogtöluna 3,0 (í stað 0-200), sveitarfélög með íbúafjölda 301-600 fengu vogtöluna 2 (í stað 201-500), sveitarfélög með íbúafjölda 601-1200 fengu vogtöluna 1,5 (í stað 501-1000) og sveitarfélög með 1201 og fleiri íbúa fengu vogtöluna 1,0. Samkvæmt tillögunni fengi svæði I eða sunnanverðir Vestfirðir rúm 22% atkvæða í stað tæpra 17% atkvæða, svæði II eða norðanverðir Vestfirðir fengi rúm 55% atkvæða í stað rúmra 61% atkvæða og svæði III eða Strandir og Reykhólar fengi rúm 22% atkvæða í stað tæpra 22% atkvæða. Svæði I og svæði III yrðu með álíka fjölda atkvæða, en svæði II myndi missa um 6% atkvæða.

Tillögur millipinganevndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Álit millipinganevndar.

Nefndarmenn í millipinganevndinni eru einhuga um að núverandi kerfi útreikninga á atkvæðavægi einstakra sveitarfélaga með vogtölu, sem er breytileg eftir íbúafjölda hverju sinni, þjónar ekki lengur tilgangi sínum bæði í ljósi þess að fyrri breytingartillögur hafa ekki verið samþykktar svo og vegna mögulegrar sameiningar sveitarfélaga í framtíðinni. *Nauðsynlegt er því að fella niður núverandi kerfi og taka upp nýtt.*

Skipan fulltrúa á þing og atkvæðavægi fulltrúa hjá öðrum landshlutasamtökum.

Millipinganevnd FV skoðaði í vinnu sinni hvernig skipan fulltrúa og atkvæðavægi er háttáð hjá öðrum landshlutasamtökum.

Á Íslandi eru átta landshlutasamtök starfandi; Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi-vestra (SSNV), Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Eyþing, Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) auk Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fyrirkomulag skipan fulltrúa og réttur til fundarsetu ásamt þátttöku í atkvæðagreiðslu á landsþingum landshlutasamtakanna, fyrir utan FV, er í flestum atriðum nokkuð svipaður. Hjá SSV, SSH, SASS, Eyþingi og SSA kjósa sveitarfélögin fulltrúa sína til setu á aðalfundi viðkomandi landshlutasamtaka og fer atkvæðavægi þar eftir íbúafjölda, þ.e. mismunandi fjöldi íbúa á bak við hvern fulltrúa. Hjá SSNV á einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sæti á landshlutaþingi þess auk eins fulltrúa fyrir hverja byrjaða 400 íbúa í sveitarfélaginu. Hjá SSS eiga allir kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Tillögur til breytinga á 4. gr. samþykktar FV.

Millipinganevnd FV leggur til breytingar á fyrirkomulagi og á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga:

1. Að útgáfa kjörbréfa í núverandi mynd verði hætt.
2. Að núverandi 4. gr. samþykktar FV falli niður en í þess stað komi ný 4. gr. sem verði:

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir fulltrúar á þing landshlutasamtakanna eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra til jafnmargra ára.

A. Sveitarstjórn skipar fjölda fulltrúa sína með atkvæðisrétti á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eftirfarandi:

- Sveitarfélög með 400 íbúa eða færri - 1 fulltrúa.
- Sveitarfélög með 401-2000 íbúa - 3 fulltrúa.
- Sveitarfélög með 2001 íbúa og fleiri - 5 fulltrúa.

Leitast skal við að fulltrúar meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar séu kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti, sé því við komið. Allir kjörnir sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra í forföllum aðalmanna hafa rétt á að sækja þing Fjórðungssambands Vestfirðinga með málfrelsi og tillögurétti.

B. Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga er:

Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði og er miðað við íbúafjölda á áramótum.

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um fulltrúa sína á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en 7 dögum fyrir upphaf þinghalds.

Tillögur millipinganevndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Röksemdarfærsla.

Í tillögunni fellst að núverandi vogtölukerfi verði lagt niður en þess í stað verði tekið upp nýtt kerfi sem byggist á því að útreikningar atkvæðavægis byrja á fasta þar sem föst atkvæði verði 2.700 (nú sveitarfélög x 300). Hvert sveitarfélag fái 300 atkvæði og til viðbótar 1 atkvæði fyrir hvern íbúa. Kostur þessa kerfis er að minni sveitarfélögum er tryggt ákveðið atkvæðavægi og eykst það með auknum íbúafjölda. Auk þessa fellur niður "stökk" eða "fall" í atkvæðavægi sem skapast þegar notuð er stærðarflokkun sveitarfélaga með vogtölum.

Í tillögunni fellst einnig að tekið er mið af hvernig skipan fulltrúa er háttað á þingum annarra landshlutasamtaka, komið er til móts við sjónarmið millistórra sveitarfélaga á Vestfjörðum og að stærsta sveitarfélagið, Ísafjarðarbær, heldur sínum hluti hvað varðar atkvæðavægi.

Af töflu 1e má sjá hvernig atkvæðamagn og skipting atkvæða hjá einstökum sveitarfélögum og svæðum yrði samkvæmt tillögu millipinganevndar FV m.v. íbúafjölda þann 1. janúar 2017:

Tafla 1e. Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Atkvæði		Fjöldi atkvæða	Hlutfall	Breyting frá núverandi
		Fasti	Íbúafjöldi			
Vesturbyggð	1.030	300	1.030	1.330	13,9%	2,4%
Tálknafjarðarhreppur	236	300	236	536	5,6%	0,3%
Svæði I	1.266	600	1.266	1.866	19,5%	2,8%
Bolungarvíkurkaupstaður	908	300	908	1.208	12,6%	-2,5%
Ísafjarðarbær	3.608	300	3.608	3.908	40,8%	0,7%
Súðavíkurhreppur	186	300	186	486	5,1%	-1,1%
Svæði II	4.702	900	4.702	5.602	58,5%	-3,0%
Reykholahreppur	282	300	282	582	6,1%	-0,2%
Árneshreppur	46	300	46	346	3,6%	2,1%
Kaldraneshreppur	106	300	106	406	4,2%	0,7%
Strandabyggð	468	300	468	768	8,0%	-2,4%
Svæði III	902	1.200	902	2.102	22,0%	0,2%
Samtals	6.870	2.700	6.870	9.570	100,0%	

Í tillögu millipinganevndar FV felst að atkvæðafjöldi ræðst hverju sinni af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Samkvæmt tillögunni fengi svæði I eða sunnanverðir Vestfirðir rúm 19% atkvæða í stað núverandi tæpra 17% atkvæða, svæði II eða norðanverðir Vestfirðir fengi rúm 58% atkvæða í stað rúmra 61% atkvæða og svæði III eða Strandir og Reykhólar fengi 22% atkvæða eða óbreytt frá núverandi. Svæði I yrði með ívið færri atkvæði en svæði III en svæði II myndi missa um 3% atkvæða. Vesturbyggð og Árneshreppur fengi rúm 2% fleiri atkvæði, Bolungarvíkurkaupstaður og Strandabyggð myndu missa rúm 2% atkvæða en óverulegar breytingar yrðu hjá öðrum sveitarfélögum.

Í tillögunni fellst einnig sú breyting að útgáfa kjörbréfa fellur niður og nægir nú að sveitarstjórn tilkynnir hverjir eru fulltrúa þeirra sem fara með atkvæði sveitarfélagsins á þingum FV.

Í texta A-hluta tillögunarinnar er þeirri ábendingu komið á framfæri með hliðsjón af lýðræðissjónarmiðum að fulltrúum meirihluta og minnihluta verði tryggt að þeir fái báðir úthlutað atkvæðum til að fara með á þingum FV.

Ábending framkvæmdastjóra FV.

Nefndin hafði til skoðunar atkvæðavægi sveitarfélaga og gerir tillögu um breytingu samanber lið B. Ég tel að þetta sé ágætlega útfærð tillaga, einföld í framkvæmd, gegnsæ og dregur mjög úr þeim stökkum sem verða í atkvæðavægi þegar íbúafjöldi er á viðmiðunarmörkum.

Tillögur millipinganefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Varðandi tillögu A, um takmörkun á fjölda fulltrúa með atkvæðisrétt, þá er nefndin að ganga lengra en tillaga 62. Fjórðungsþings fjallaði um. Það er hinsvegar rökstutt þannig að taka verði umræðu um að færa fyrirkomulag FV nær því sem gerist í öðrum landshlutasamtökum. Atkvæðavægi verði því ekki skipt jafnt niður á fulltrúa sveitarstjórna eins og það er í dag, heldur eru tilmæli sett til sveitarstjórna að taka tillit til þessa þegar fulltrúar eru kjörnir til setu á þinginu. Hér hefði mátt taka inn til umræðu eina helstu gangrýni á stjórnun landshlutasamtaka, að þau væru samtök meirihluta í sveitarstjórnnum. Fyrirkomulag FV og SSS kemur að mínu mati til móts við þetta með heimildarákvæði um að kjósa jafnmarga fulltrúa og eru í sveitarstjórn hverju sinni en hvort að það sé nægjanlegt má ræða.

En að þessu sögðu þá tel ég samt rétt, að nefndin hafi tekið þetta mál upp um fyrirkomulag fulltrúakjörs til umræðu og að mínu mati ætti þá að fylgja tillaga um áframhaldandi vinnu þ.e. að meta samþykktir út frá fulltrúaráði, út frá þingsköpum og m.t.t. stofnun Vestfjarðastofu. Tillögur verða lagðar fyrir 63. Fjórðungsþing til afgreiðslu og taki gildi á 3. Haustþingi sem haldið verður að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum.

Vestfirðir, 19. september 2017.

Baldur Smári Einarsson (sign.).

Finnur Ólafsson (sign.).

Þórir Sveinsson (sign.).